

**Nd.**

**72. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi, og lögum um viðauka og breytingu á þeim nr. 23, 20. októbr. 1913, og lögum nr. 24, 3. nóv. 1915.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Sigurðsson,  
Stefán Stefánsson og Pjetur Þórðarson.

1. gr.

(1. gr. 1909).

Í stað orðanna: »En það er áfengur drykkur ..... að rúmmáli« komi:  
En áfengur drykkur eftir lögum þessum telst hver sá vökvi, sem í er meira en  $2\frac{1}{4}\%$  af vinanda (alkóhóli) að rúmmáli.

2. gr.

(1. gr. 1915).

a. Á eftir orðunum »nota í stofnuninni« komi:

Einnig er heimilt að flytja til landsins vinanda til eldsneytis, svo og ilmvötn, enda sjeu þau með öllu óhæf til drykkjar.

b. Á eftir orðunum »lögreglustjóra og sóknarprest« í sömu grein, komi:

En skylt skal lyfsölum að gefa landlækni sundurliðaða skýrslu tvisvar á ári um sölu áfengis, og sje tiltekið, hve mikið hver einstakur læknir hefir fengið eða ávísað, og nöfn þeirra, er ávisunina fengu.

Enn fremur skulu þeir læknar, er áfengi láta af hendi, gefa landlækni slíka skýrslu.

3. gr.

(4. gr. 1909).

Aftan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Stjórnarráðið setur reglugerð því til tryggingar, að það áfengi, sem ætlað er til iðnþarfa eða eldsneytis, sje ekki notað til drykkjar.

4. gr.

(3. gr. 1915).

a. 5. málsgrein orðist svo:

Þegar skip kemur til hafnar frá útlöndum, skal lögreglustjóri jafnan rannsaka eða láta umboðsmann sinn rannsaka, hvort áfengi er í skipinu, hvort sem það er íslenskt eða útlent. Skal í því skyni rannsaka hirslur skipverja og farangur farþega, svo og, eftir því sem við verður komið, hvern þann stað í skipinu, þar sem ætla má að áfengi geti verið fólgið.

b. Önnur málsgrein sömu greinar falli í burtu.

5. gr.

(4. gr. 1915).

Endir greinarinnar orðist svo:

Geri hann það ekki, eða sje skýrsla hans tortryggileg, skal hann sæta sektum frá 50—500 kr.

6. gr.

(11. gr. 1909).

Í stað þeirrar greinar komi ný grein svo hljóðandi:

Frá 1. jan. 1919 skal afnuminn sá rjettur, sem einstakir menn höfðu til að eiga áfengi, samkv. 11. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi frá 30. júlí 1909. Það áfengi, sem þá kann að vera eftir óeytt, skulu eigendur hafa flutt úr landi undir umsjón hins opinbera fyrir 1. apríl 1919. Þó skal eigendum heimilt, ef þeir kjósa það heldur, að krefjast þess, að landsjóður kaupi áfengið fyrir það verð, sem óvilhallir dómkvaddir menn meta sanngjarnt. Slík krafa skal vera komin í hendur sýslumanns eða bæjarfógeta, þar sem eigandi vínsins er búsettur, fyrir 1. jan. 1919.

7. gr.

(13. gr. 1909).

Á eftir þeirri grein komi ný grein svo hljóðandi:

Hver, sem sjest ölvaður á almannafæri, sæti sektum frá 20—200 krónum,

8. gr.

(14. gr. 1909).

A eftir 3. málsgr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Auk sektanna skal enn fremur beita fangelsisrefsingu, ekki vægari en eins mánaðar einföldu fangelsi, ef áfengi hefir verið ætlað til veitinga eða sölu.

9. gr.

(15. gr. 1909).

a. Fyrir »200—1000 kr.« í 1. málsgr. komi:

500—5000 kr.

b. 2. málsgr. orðist svo:

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, sem óheimila að veita,

gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum 200—2000 kr. Ef brot er ítrekað, þá varðar það sektum 500—5000 kr. Brjótí nokkur oftast gegn ákvæðum þessarar greinar, eða geri sjer það að atvinnu að veita eða selja áfenga drykki, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en þriggja mánaða einföldu fangelsi, auk sekta eins og að framan greinir.

c. Aftan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Hver sem aflar sjer áfengis undir því yfirskyni, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til drykkjar, skal sæta sektum frá 100—500 kr., nema þyngri refsing liggir við að lögum.

10 gr.

(6. gr. 1915).

Á eftir orðunum: »til umsjónarmanns áfengiskaupa« komi: svo og það áfengi, sem skotið er undan innsiglun á útlendum skipum.

11. gr.

(17. gr. 1909).

Greinin orðist svo:

Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi lyfseðil um áfengi í þeim tilgangi, að það verði notað öðru vísi en sem læknislyf, og skal hann þá sæta sektum frá 200—2000 kr. Ef mjög kveður að brotinu, eða sje það ítrekað, eða ef nokkur læknir tekur hærra gjald fyrir slíkan lyfseðil en heimilað er í gjaldskrá fyrir hjeradslækna, þá varðar það embættismissi, auk sekta eins og að framan greinir.

12. gr.

(18. gr. 1909).

Greinin orðist svo:

Sektir eftir lögum þessum renna að hálfu í landssjóð, en að hálfu í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið konungsstaðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laganna nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi, ásamt lögnum frá 20. okt. 1913 og lögum nr. 24, 3. nóv. 1915, um breytingar á þeim lögum, og gefa lögin þannig út í Stjórnartíðindunum í einni heild.

#### Ástæður fyrir frumvarpinu.

Eins og kunnugt er, eru bannlögin nokkuð brotin.

Veldur því:

1. Ófullkomin gæsla með skipum, er þau koma á hafnir frá útlöndum.
2. Gagnslaust eftirlit með allskonar farangri, er frá útlöndum flyst.

3. Slælegt eftirlit með því, að þeir, er heimild hafa nú til að fá vinanda til iðn-  
ar sinnar eða þess háttar, noti hann ekki til drykkjar, o. fl. o. fl.

Verði þessar breytingar á bannlögunum samþykktar, er mikil ástæða til  
að ætla, að bannlögin verði betur haldin.